

Nd.

61. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 27. janúar 1943, um dýralækna.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo sem hér segir:

Dýralæknar skulu vera sjö, þrír í Sunnlendingafjórðungi, og skal einn þeirra vera búsettur í Reykjavík, annar á Selfossi og hinn þriðji í Vestmannaeyjum, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðherra skipar þá og kveður á um bústað þeirra að öðru leyti en ákveðið er í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Á st æ ð u r .

Frv. þetta er flutt samkvæmt áskorun frá Búnaðarfélagi Vestmannaeyja. Samfara hinni miklu auknu ræktun hafði kúm fjölgað mjög í Vestmannaeyjum frá því, sem áður var, en nú síðustu árin hefur þeim fækkað aftur vegna óeðlilega mikils kúadauða. Orsakir þessa kúadauða eru ókunnar, þótt ýmsar getgátur um hann eigi sér stað.

Það er ljóst, að miðað við önnur dýralæknaumdæmi landsins eru Vestmannaeyjar lítið svæði. En hins ber að gæta, að eyjarnar eru svo einangraðar hvað samgöngur snertir, að með öllu er ókleift að hafa þar nokkurt gagn af dýralækni búsettum utan Vestmannaeyja. Þó að ætlazt sé til þess nú, að dýralæknir Suðurlandsundirlendisins hafi líka umsjá með Vestmannaeyjum, þá er það gagn, sem eyjarnar hafa af slíku fyrirkomulagi, næsta lítið.

Nú er það svo, að jafnstór kaupstaður og Vestmannaeyjar eru, þar sem auk bæjaranna mörg hundruð aðkomumenn dvelja langan tíma árs, þarfnast mikillar mjólkur, og er beinasta leiðin til þess að auka framleiðslu þessarar vöru, sem svo mjög er holl ungum og gömlum. Nú hefur viðleitni í þessa átt orðið fyrir miklu áfalli sökum fækkunar kúnna, af ástæðum, sem ekki eru ljósar, en það stafar aftur af því, að þá sérþekkingu vantar á staðnum, sem dýralæknar hafa yfir að ráða.

Af framangreindum ástæðum er nauðsynlegt að hafa dýralækni í Vestmannaeyjum.